Iðnfræði	IFH 102 202 302 401 501	8 ein.
Iðnteikning	ITH 102 202 302	6 ein.
Klipping	KLP 103 202 303 403 503	14 ein.
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL 103	3 ein.
Náttúrufræði	NÁT 103	3 ein.
Permanent	PEM 102 202 302 402 502	10 ein.
Skeggsnyrting og rakstur	RAK 102 201	3 ein.
Þjónustusiðfræði	ÞSF 101	1 ein.
Öryggis- og félagsmál	ÖRF 101	1 ein.
Starfsþjálfun 72 vikur		**72 ein.**

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Nám samkvæmt nýrri brautarlýsingu hefst skólaárið 2005-2006. Nemendum sem hafa þegar hafið nám í hársnyrtiiðn á grundvelli fyrri brautalýsinga aðalnámskrár framhaldsskóla er heimilt að ljúka námi skv. þeirri skipan.

Menntamálaráðuneytinu, 7. mars 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

16. febrúar 2005 Nr. 304

GJALDSKRÁ

fyrir holræsagjald á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Fljótsdalshéraði eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,195% af fasteignamati allra húsa og lóða, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald. Holræsagjald skal greiða frá og með fyrsta heila almanaksári eftir að bygging er fokheld.

4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eignarland er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega. Holræsagjald er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Stofngjald holræsa skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitur í eigu Fljótsdalshéraðs. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald holræsa skal vera sem hér segir:

	Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi	Grunngjald	m^3-gjald	Athugasemdir
A	Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	37.170	26,53	m^3 gjald reiknast af m^3 umfram 400. Hámarksgjald er kr. 200.000
B	Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	37.170	26,53	m^3 gjald af m^3 umfram 1.000. Hámarksgjald er kr. 200.000

Þegar um viðbyggingar er að ræða reiknast einungis rúmmetragjald samkvæmt framansögðu, nema viðbyggingin krefjist nýrrar heimæðar eða breytinga á heimæð sem fyrir er.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2006.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt Fljótsdalshéraðs um fráveitur sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og var samþykkt af umhverfis- og náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs þann 9. febrúar 2005 og staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 16. febrúar 2005, til að taka gildi við birtingu.

Egilsstöðum, 16. febrúar 2005.

Anna Björk Hjaltadóttir, umhverfisfulltrúi Fljótsdalshéraðs.